

117

1. júlí

AUGLÝSING

um að samningurinn, sem prentaður er sem fylgiskjal með lögum nr. 108 8. maí 1935, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum, skuli koma í gildi.

Fullgildingarskjöl að samningi þeim, sem gerður var í Kaupmannahöfn þann 19. nóvember 1934 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum, voru, af hálfu allra samningsaðilanna, afhent í Kaupmannahöfn þann 14. júní 1935.

Samkvæmt 30. grein samningsins gengur hann í gildi fyrir öll samningsríkin þann 1. janúar 1936.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Í ríkisstjórn Íslands, 1. júlí 1935.

Haraldur Guðmundsson.

118

25. sept.

KONUNGSBRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda
fimmtudaginn 10. okt. 1935.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér, samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda fimmtudaginn 10. október 1935.

Gjört á Amaliuborg, 25. september 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.